

Tillaga borgarfulltrúa Framsóknarflokksins um aðgerðir til að styðja við 16-29 ára sem ekki eru í námi, vinnu eða virkni.

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela velferðarsviði, í samstarfi við menningar- og íþróttasvið og skóla- og frístundasvið, að útfæra aðgerðir til að auka virkni og stuðning við einstaklinga á aldrinum 16-29 ára sem eru ekki í námi, vinnu eða virkni (svokallaðan NEET-hóp). Einnig er lagt til að skóla- og frístundasviði, í samstarfi við velferðarsvið, verði falið að útfæra farsældarsamninga við foreldra/forsjáraðila barna sem eru að klára 10. bekk í grunnskólum Reykjavíkur með það að markmiði að auka samstarf borgarinnar við framhaldsskóla og bregðast við brottfalli úr framhaldsskólum.

Greinargerð

Á undanförunum árum hefur fjölgað verulega í hópi þeirra ungmenna á aldrinum 16-24 ára sem ekki eru í námi, vinnu eða virkni (svo kölluðum neet-hópi). NEET (e. Not in Education, Employment or Training) vísar til ungs fólks sem hvorki stundar nám, er í atvinnu né tekur þátt í formlegri starfsþjálfun eða er í virkni. Í þessum hópi eru meðal annars einstaklingar sem hafa glímt við námsörðugleika, tilheyra brotthvarfshópi úr skóla, hafa litla tengingu við vinnumarkaðinn og glíma við andlega vanheilsu eða aðrar heilsufarslegar hindranir samkvæmt minnisblaði velferðarsviðs frá 6. desember 2023. Þetta er hópur sem ráðamenn um alla Evrópu hafa haft vaxandi áhyggjur af en árið 2023 var hlutfall einstaklinga á aldrinum 15-29 ára sem ekki er í vinnu, virkni eða námi yfir 11% í Evrópusambandinu. Hér á landi hefur barnavernd, starfsmenn félagsmiðstöðva og fleiri lýst yfir miklum áhyggjum af vaxandi fjölda í þessum hópi. Árið 2022 gerði Hagstofan ráð fyrir að 6,3% ungmenna á aldrinum 16-24 ára væri í NEET-hópnum. Þótt hlutfallið er sé lægra en meðaltal Evrópusambandsins eru teikn á lofti um fjölgun í hópnum. Samkvæmt minnisblaði sviðsstjóra velferðarsviðs frá 6. desember 2023 má gera ráð fyrir að um 1500 einstaklingar í Reykjavík falli undir hópinn. Slík staða getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir einstaklinginn og samfélagið, en með snemmtækri íhlutun og markvissum stuðningi má draga úr félagslegum erfiðleikum og kostnaði til lengri tíma.

Sveitarfélög hafa verið að horfa til þess hvað hægt sé að gera til að mæta þessum vaxandi hópi ungs fólks sem ekki er í vinnu, virkni eða námi. Sveitarfélagið Árborg hefur sett af stað verkefnið Elju virkniráðgjöf, sem er hannað til að mæta þessum hópi, með samþættingu velferðarþjónustu, skólaþjónustu, frístundastarfs og einstaklingsmiðaðri nálgun þar sem ungu fólki er mætt á eigin forsendum. Reynslan af þróunarverkefninu Elju er sú að samvinna frístunda-, skóla- og velferðarþjónustu hefur skapað nýjan farveg fyrir stuðning við ungmenni. Elja virkniráðgjöf sameinar hugmyndafræði virkniráðgjafar og „outreach youth work“, þar sem starfsfólk mætir ungu fólki í þeirra eigin umhverfi og veitir þeim stuðning. Lögð er áhersla á að styðja þátttöku ungmenna í samfélaginu út frá styrkleikum þeirra og þeim möguleikum eða tækifærum sem standa einstaklingnum til boða, hvort sem það er nám, atvinna, sjálfstyrking eða lífstílsbreyting. Börnum sem eru að klára 10. bekk í grunnskólum Árborgar og forsjáraðilum þeirra er boðið að gefa upplýst samþykki til að taka þátt í virkniverkefninu en það gerir það að verkum að framhaldsskólinn og sveitarfélagið geta átt í nánari samstarfi og hægt er að bregðast strax við brottfalli úr framhaldsskóla. Stuðningur við nemendur í grunn- og framhaldsskóla er lykilatriði til að fyrirbyggja að einstaklingar verði hluti af NEET hópnum. Þessi hugmyndafræði fellur vel að stefnu

Reykjavíkurborgar um samþætta og notendamiðaða þjónustu við börn og getur orðið mikilvægt brúarverkefni milli kerfa, með það að markmiði að ekkert ungmenni falli utan kerfis.

Reykjavíkurborg þjónustar stóran og fjölbreyttan hóp ungmenna í ólíkum aðstæðum og með ólíkan bakgrunn. Sum þeirra falla á milli kerfa og fá ekki þann samfellda og einstaklingsmiðaðan stuðning sem nauðsynlegur er til að þau nái að fóta sig í lífinu. Reynslan sýnir okkur að með réttri nálgun og samstilltum aðgerðum má ná árangri með hópum sem falla oft á milli skips og bryggju í hefðbundinni velferðarþjónustu.